

Sp. 489. Tillaga til þingsályktunar [199. mál]

um endurskoðun löggjafar um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og könnun á fjármagnspörf til rannsóknastarfseminnar.

Flm.: Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa sérstaka nefnd til að endurskoða löggjöf um rannsóknir í þágu atvinnuveganna í ljósi þeirrar reynslu, sem þegar hefur fengizt af framkvæmd hennar undanfarin ár. Við þessa endurskoðun verði stefnt að því, að þekking og rannsóknir í raunvísindum og nútímatækni verði að sem allra viðtækustum notum í landinu. Sérstaklega verði kannað, með hvaða hætti yfirstjórn rannsóknamála skuli hagað.

Nefndin kanni enn fremur fjármagnspörf rannsóknastarfseminnar og hve miklu fjármagni sé nauðsynlegt að verja til rannsókna og þá með hverjum hætti fjáris skuli aflað.

Stefnt sé að því, að endurskoðun og tillögugerð sé lokið fyrir árslok 1970, og skal greiða kostnað við störf nefndarinnar úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þróun atvinnuvega í nútímaþjóðfélagi og nýjungar í atvinnugreinum eru grundvölluð á viðtækri rannsóknastarfsemi. Samkeppnishæfni þjóðanna á viðskiptasviðinu byggist verulega á tækniþekkingu. Ef Íslendingar notfæra sér ekki til hins ýtrasta þátt visindanna í efnahagsþróuninni, munu þeir dragast aftur úr í lífskjörum. Þjóðinni er því nauðsynlegt að tileinka sér visindin í ríkari mæli og öðlast aukinn skilning á sambandi milli þeirra og efnahagslegra framfara og leitast þannig við að fylgja nágrannaþjóðum sínum eftir með aukinni tæknimenntun og eigin rannsóknum.

Til að ná þessu marki verður fjárfesting í rannsóknum því að vera a. m. k. hlutfallslega sambærileg og er hjá þeim þjóðum, sem þjóðin á í samkeppni við á erlendum mörkuðum, og heinast að rannsóknum til uppbyggingar og þróunar atvinnuveganna í samræmi við stefnu ríkisins í atvinnumálum. Vinna ber að eflingu rannsóknastofnana í landinu, hvað snertir starfslið og starfsaðstöðu, og finna verður leiðir til að beina auknu fjármagni til rannsóknaverkefna í samræmi við áætlanir rannsóknastofnana eða starfshópa á hverjum tíma. Augljóst er, að einkafyrirtæki, einkum iðnfyrirtæki, verða einnig að tileinka sér rannsóknir í mun ríkari mæli en verið hefur, annaðhvort á eigin rannsóknastofnum eða með starfi sérmenntaðs starfsliðs fyrirtækjanna á opinberum rannsóknastofnum.

Tryggja verður, að hæfustu visindamenn, sem þjóðin á vól á, veljist til rannsóknastarfa og visindalegrar kennslu, og að þeim sé sköpuð aðstaða til að sinna visindastörfum óskiptir og séu ekki háðir aukastörfum. Á þann hátt er unnt að stuðla að því, að íslenskir visindamenn öðlist þá starfsreynslu og þekkingu, sem nauðsynleg er og verður til að valda verkefnum framtíðarinnar.

Fjölmargir sérfræðingar, sem að rannsóknum starfa í landinu, hafa bent á nauðsyn þess að endurskoða lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Hér er því lagt til, að sérstakri nefnd verði falið að endurskoða þau lög með sem viðtækasta og bezta nýtingu tækni og visinda til þjóðarheilla í huga. Það er því mikilvægt, að til nefndarstarfa verði kvaddir menn, sem rannsóknir stunda og hafa þannig raunhæfa reynslu af framkvæmd laganna, eigi síður en þeir, sem ábyrgð bera á framkvæmd þeirra.

Vafasamt verður að teljast, að sú yfirstjórn og það skipulag, sem ríkt hefur í rannsóknamálum, hafi valdið því hlutverki, sem ætlað var. Yfirstjórn ríkisins skiptist milli margra ráðuneyta, og ekkert þeirra hefur á að skipa sérstöku starfsliði, er metið geti visindastarfið eða rannsóknahörfina. Yfirstjórn ríkisins á rannsóknamálum verður að geta sinnt á sem beztan hátt nýsköpunarhlutverki rannsóknastarfseminnar og tekið á móti hugmyndum og tillögum rannsóknastofnana eða einstakra visindamanna um rannsóknaverkefni með framsýnu mati á mikilvægi verkefnanna.

Nauðsynlegt er að athuga vandlega, hvort stofna beri visindadeild í stjórnarráðinu, er sameini yfirstjórn ríkisins á rannsóknastofnunum, jafnframt því sem endurskipulagning á rannsóknastarfseminni í heild fari fram. Ef athueun leiddi í ljós, að rétt þætti að stofna slíka deild, ætti hlutverk hennar að vera auk þess að móta visindastefnu í samræmi við stefnu í atvinnu- og menntamálum og hafa nána samvinnu m. a. við hagfræðilegar stofnanir.

Við almenna endurskipulagningu á rannsóknamálunum verður sérstaklega að hafa eftirfarandi í huga:

Tryggja verður náin tengsl rannsóknastarfsemi og tæknimenntunar, þannig að visindabekking og reynsla þjóðarinnar nýtist sem bezt.

Tryggja verður aukin upplýsingaskipti milli visindamanna innbyrðis og stuðla að hópvinnu visindamanna.

Koma þarf á upplýsingamiðlun frá rannsóknastarfseminni til þeirra aðila, sem geta fært sér niðurstöður rannsóknaanna í nyt.

Vinna ber gegn aðskilnaði á rannsóknum, kennslu og ráðgjafastarfsemi, sem sums staðar á sér stað í atvinnumálum, svo og einangrunarstefnu einstakra stofnana.

Samræma þarf bókasöfn og upplýsingasöfnun í þágu rannsókna.

Veita þarf starfandi sérfræðingum aðild að stjórn rannsóknastofnana í vaxandi mæli.

Til að hindra stöðnun rannsóknastofnana verði kannað sérstaklega, hvort æskilegt sé, að forstöðumenn þeirra verði aðeins ráðnir til takmarkaðs tíma í senn og að sérfræðingar geti flutzt á milli stofnana þeim sjálfum og rannsóknastofnununum til hagsbóta.

Áherzla er lögð á það, að ekki er unnt að ákveða endanlegt og bezt skipulag fyrir rannsóknastarfsemina, því að margar forsendur eru breytilegar frá ári til árs. Skipulag rannsóknamála verður því að vera í stöðugri endurskoðun.

Arðsemi rannsóknastarfseminnar er háð vilja og getu atvinnufyrirtækja þjóðarinnar til að notfæra sér rannsóknir og nýjungar. Í mörgum tilvikum gæti verið æskilegt, ef launaðir sérfræðingar fyrirtækjanna fengju rannsóknnaðstöðu inni á rannsóknastofnunum ríkisins. Sömuleiðis mundi það örva fyrirtæki til nýsköpunar og rannsókna, ef veitt yrðu skattfríðindi vegna rannsóknakostnaðar. Ef úr yrði mundi þetta verða mikil lyftistöng bæði fyrir fyrirtækin sjálf og fyrir rannsóknastarfsemina. Í þessu sambandi þarf líka að athuga sérstaklega, á hvern hátt hagnýta megi í ríkari mæli en tíðkamt hefur sérþekkingu í sambandi við lánveitingar til atvinnurekstrar.

Ef þeim tillögum, sem hér hafa verið nefndar, er fylgt fast eftir, má ætla, að takast megi að auka verulega afköst og arðsemi rannsóknastarfseminnar í landinu.